



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM

um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM

um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 24. apríl nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [Umræðuskjöl | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#) Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um rekstraraðila peningamarkaðssjóða sem hafa staðfestu eða eru markaðssettir hér á landi samkvæmt lögum nr. 6/2023, um peningamarkaðssjóði.

2. gr.

Form skýrslugjafa

Rekstraraðilar peningamarkaðssjóða skv. 1. gr., sem skylt er að tilkynna fjármálaeftirlitinu um rekstur peningamarkaðssjóða skv. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131, sbr. lög nr. 6/2023 um peningamarkaðssjóði, skulu skila upplýsingum í samræmi við sniðmát sem tilgreint er í viðauka með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/708, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/708 frá 17. apríl 2018, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát sem rekstraraðilum peningamarkaðssjóða ber að nota við skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda eins og mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1131 um peningamarkaðssjóði, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar [nr. 22/2020 frá 7. febrúar 2020](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 76-99](#).

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 6/2023, um peningamarkaðssjóði, öðlast þegar gildi.